

Ed.

258. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafli öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðila þannig: 1 frá samtökum sjómanna, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og 1, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverkmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafli“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: úrgangsfiski og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964, um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, inn í lög nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.